



síðast uppfært dags. 10.7.2024

## Hatursorðræða og skaðleg orðræða

### Inngangur

Hatursorðræða og skaðleg orðræða hvetur til fordóma, ofbeldis og óumburðarlyndis í garð ákveðinna hópa fólks. Afleiðingar slíkra skilaboða geta verið mjög alvarlegar. Þó að hatursorðræða og skaðleg orðræða sé ekki ný af nálinni hafa tækniframfarir síðustu ára gert það að verkum að hatursfull skilaboð dreifast hratt milli manna og milla landa.

Við getum brugðist við hatursorðræðu og skaðlegri orðræðu með því fræða samfélagið um hvernig þessi skilaboð birtast okkur á netinu eða í sjónvarpi og útvarpi og hvaða áhrif þau geta haft. Einnig er mikilvægt að við höldum áfram að minna fólk á mikilvægi lýðræðislegrar þátttöku allra í samfélaginu, jafnræði ólíkra hópa og að fjölbreytileikinn er auðlind sem rétt er að fagna.

### Hugtakið hatursorðræða

Sú hugmynd að það sem við segjum eða skrifum geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélagið sem heild kom fyrst til eftir seinni heimstyrjöldina. Þá fóru þjóðir og alþjóðasamfélagið að átta sig á því að hatursfull skilaboð geta verið undanfari skelfilegra glæpa. Það þótti augljóst að áróður Hitlers og Nasista á árunum áður en heimstyrjöldin hófst höfðu haft gríðarleg áhrif á almenning og viðhorfin í landinu. Þessi hatursfulla umræða lagði grunninn að þeim glæpum sem á eftir komu.

Eftir lok seinni heimstyrjaldarinnar var settur á fót dómstóll í borginni Nürnberg þar sem helstu valdamenn nasista í Þýskalandi voru sóttir til saka. Þar kom fyrst fram dæmi þess að maður var dæmdur fyrir dreifingu á hatursáróðri. Þýska tímaritið Framherjinn (þ. Der Stürmer) hafði markvisst hvatt til ofsókna gegn gyðingum og útrýmingu þeirra. Útgefandi tímaritsins var dæmdur fyrir brot á alþjóðalögum fyrir að hafa hvatt til þjóðarmorðs.

Það liggur ekki fyrir nein ein alþjóðleg skilgreining á hatursorðræðu en bann við henni má finna í fjölmörgum alþjóðlegum sáttmálum. Sem dæmi er hugtakinu lýst í 4. gr. alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis og 2. mgr. 20. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

Sameiginlegur skilningur á hugtakinu er sá að hatursorðræða séu umæli eða önnur hatursfull tjáning sem sé beint að vel afmörkuðum hópi; hópurinn sé tengdur við óæskilega eiginleika og lögð sé áhersla á að hann sé óæðri. Með tjáningunni er jafnvel gefið í skyn að ofbeldi gegn hópnun sé réttlæt看legt.



síðast uppfært dags. 10.7.2024

Hugtakið birtist í 233. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þar kemur fram að hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að við þurfum að horfa á meira en orðin sjálf, ákveðin grundvallaratriði verða að vera til staðar til að tjáning verði talin brotleg og flokkist sem hatursorðræða. Það getur verið snúið að koma auga á hatursorðræðu. Hún getur verið falin í setningu sem virðist í fyrstu rökrétt og eðlileg, en þegar betur er að gáð er þar að finna niðurlægjandi eða hatursfull skilaboð í garð tiltekins hóps fólks. Við skoðun á dómaframkvæmd íslenskra dómstóla sem og Mannréttindadómstóls Evrópu má greina að ákveðin atriði þurfi að vera til staðar svo að um hatursorðræðu sé að ræða:

- Tjáningin er fordómfull, þ.e. hún er byggð á fáfræði eða skeytir engu um staðreyndir eða andstæð sjónarmið.
- Tjáningin lýsir hatri eða andúð þess er ummæli viðhefur á þeim eða því sem þau beinast að.
- Tjáningin beinist að nánar tilgreindum einstaklingum eða hópum vegna tiltekinna sérkenna þeirra eða stöðu.
- Tjáningin er opinber, en ummæli sem kunna falla í einkasamtölum eða lokuðum vefsvæðum í garð einstaklinga eða hópa yrðu almennt ekki talin hatursorðræða.

Hugtakið hatursorðræða á ekki aðeins við um ummæli heldur getur einnig átt við um annars konar tjáningu eins og myndir eða tákni. Hatursorðræða yfir undir neikvæðar hugmyndir um ákveðinn hóp og lýsir honum á þann hátt að hann verður ómennskur. Þetta er oft gert á þann hátt að hópnum er lýst sem plágu í samfélaginu, eða jafnvel líkt við kakkalakka eða rottur. Hatursorðræða kviknar oft þegar minnihlutahópar verða sýnilegri eða berjast fyrir réttindum sínum. Haturstjáning er þannig oft hluti af neikvæðum viðbrögðum ákveðinna einstaklinga gagnvart mannréttindabaráttu minnihlutahópa.

Haturstjáning í íslenski dómaframkvæmd

Í Hrd. 2002, bls. 1485 (461/2001) hafði ákærði birt viðtal í DV undir yfirskriftinni „Hvíta Ísland“ og undirfyrirsögninni „Afríkunegri og Íslendingur.“ Um var að ræða greinilegan samanburð á Íslendingi (hinn hvíti maður) og „Afríkunegra með prik í hendi“.

Í greininni kom eftirfarandi fram: „*Það þarf engan snilling eða erfðafræðivísindamann til að sýna fram á hver munurinn er á Afríkunegra með prik í hendinni eða Íslendingi. Vestrænar þjóðir vorkenna Afríkubúum mjög mikið en þeir búa þarna í gróðursælustu álfu heims og gætu framléitt sex sinnum meira*



síðast uppfært dags. 10.7.2024

*af mat en þeir þurfa ef þeir nenntu því. Við búum hér á grjóthnullungi, höfum ekkert nema fiskinn og klakann og höfum það bara stórfint á meðan þeir nenna ekki að berja af sér flugurnar.“*

Þarna var í raun verið að lýsa svörtu fólki frá Afríku sem lötum og heimskum en hvítum mönnum sem sterkum og duglegum. Hæstiréttur var sammála héraðsdómi um að hér væri farið með alhæfingar sem væru ekki studdar neinum rökum enda væri erfitt að finna rök fyrir yfirburðum á grundvelli kynþáttar. Litið var til samhengisins og viðtalsins í heildina og þótti ljóst að tilgangurinn hafði verið að upphefja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti með háði og smánun. Hæstiréttur lagði þannig mat á hver tilgangurinn með ummælunum hafði verið, en það var ekki hægt sjá að viðkomandi hafi birt ummælin í eðlilegum og réttlætunlegum tilgangi.

Í Hrd. 14. desember (415/2017) var ákært fyrir ummæli sem birtust í athugasemdakerfi netmiðilsins visir.is. Greinin fjallaði um hinsegin fræðslu í grunnskólum: „Við hlustendur útvarps Sögu kærur okkur ekki um neinar fjandans útskýringar A á þessari kynvillu. Þetta er ógeðslegt. Að innræta í börn hvernig kynvillingar eðla sig í rúminu. A getur þess vegna setið heima hjá sér heldur en að troða sér inn á útvarp Sögu. Þvílíkt ógeð.“

Af samhengi við umræðuna, þar sem ákærði lét þessi orð falla, þótti ljóst að þeim var beint að samkynhneigðum mönnum og samkynhneigð sem slíkri í tilefni af hugmyndum um að veita hinsegin fræðslu í grunnskólum. Hæstiréttur tók jafnframt fram að ekki hafi leikið vafi á að orðin kynvilla og kynvillingar feli í sér fordóma og smánun.

Túlkun íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu er sú að hliðsjón sé höfð af tilefni og alvarleika ummæla, tilgangi þess sem setur ummæli fram sem og hver staða þess aðila er í samfélaginu. Því þekktari og valdameiri sem aðilinn er, því meiri verða áhrifin út í samfélagið. T.d. geta einstaklingar á sviði stjórn mála opnað eða leitt ákveðna umræðu og því fylgir ákveðin ábyrgð.

Þá skiptir máli hvernig tjáningunni er dreift eða hún mögnuð upp. Samhengi ummæla getur ráðið úrslitum um hvort viðkomandi teljist hafa dreift hatursorðræðu eða ekki. Þetta er flókið samspil framangreindra þátta sem ræður úrslitum hvers máls fyrir sig. Þá þarf að skoða sérstaklega hver ásetningur viðkomandi var með ummælunum og hver líkleg áhrif þeirra væri.

Hatursorðræða hefur oft verið sett fram í einskonar píramída þar sem henni er skipt niður í nokkur þrep eftir alvarleikastigi. Efsta stig píramídans er þá alvarlegasta birtingarmynd hatursorðræðu en neðsta stigið er þá orðræða sem er skaðleg en nær ekki því alvarleikastigi að teljast hatursorðræða í lagalegum skilningi. Orðræða sem nær ákveðnu alvarleikastigi fellur þannig undir 233. gr. a almennra hegningarlaga og telst eiginleg hatursorðræða í skilningi þess ákvæðis. Er þá um að ræðar orðræðu sem á fordómafullan hátt lýsir hatri, andúð eða óbeit í garð einstaklinga og hvetur jafnvel til ofbeldis. Orðræða getur samt sem áður



síðast uppfært dags. 10.7.2024

verið skaðleg þrátt fyrir að teljast ekki „ólögmæt“ í lagaskilningi. Er þá átt við siðferðilega eða pólitískt ámælisverða orðræðu sem vitnar um fordómafullan skort á umburðarlyndi og virðingu fyrir réttindum annarra. Hugsunin er þá sú að tjáningin sé ekki nægilega gróf eða alvarleg til að réttlæt看legt sé vegna meginreglunnar um tjáningarfrelsi að setja henni skorður.

### Skaðleg orðræða

Skaðleg orðræða er hættuleg þó svo að hún nái ekki því alvarleikastigi að falla undir ákvæði almennra hegningarlaga yfir hatursorðræðu. Hún getur m.a. verið undanfari hatursorðræðu og hatursglæpa. Eitt af einkennum skaðlegrar orðræðu er að hún vekur ótta meðal almennings. Skaðleg orðræða getur t.d. gefið fólki þá hugmynd að ákveðinn hópur sé farinn að hafa mikil og vafasöm áhrif innan samfélagsins. Dæmi um slíka orðræðu er umræðan sem skapaðist haustið 2023 um hinseginfræðslu og kynfræðslu í grunnskólum. Þá birtust t.d. athugasemdir á facebook um að það væri áhyggjuefni að börn í grunnskólum væru berskjölduð gagnvart vafasamri hinseginfræðslu. Þarna var ekki um hatursorðræðu að ræða, en slíkar athugasemdir vekja með fólki ótta um að hinsegin samfélagið sé á einhvern hátt ógn við öryggi barna þeirra. Skaðleg orðræða dreifist jafnvel hraðar en hatursorðræða, þar sem margir deila slíkum skilaboðum án þess að ætla sér að deila hatri, hvetja til andstöðu eða vekja með fólki andúð á einstaklingi eða hópi fólks. Fólk deilir slíkum skilaboðum vegna þess að það finnur fyrir ótta.

Líkt og hatursorðræða er skaðleg orðræða oftast en ekki byggð á rangfærslum. Orðræða sem hefur þau áhrif að stuða fólk eða hræða er líklegri til að ná athygli fólks heldur en orðræða sem hefur þann tilgang að fræða um eitthvað sem er satt og rétt. Ólíkt hatursorðræðu getur hugtakið skaðleg orðræða átt við um ummæli án þess að þau beinist að þeim hópum sem fram koma í ákvæði almennra hegningarlaga. Skaðleg orðræða hefur t.d. beinst að konum í stjórnámálum.

### Tjáningarfrelsið

Tjáningarfrelsið er verndað í mörgum alþjóðlegum mannréttindasamningum, s.s. Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi og Mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt þessum samningum er tjáningarfrelsi rétturinn til þess að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum ásamt því að láta skoðanir og hugsanir sínar í ljós á einn eða annan hátt.

Það er forsenda lýðræðisþjóðfélags að allur almenningur geti tekið virkan þátt í opinberri umræðu. Stundum þarf þó að takmarka tjáningarfrelsið til þess að aðrir þurfi ekki að þola mismunun og ofsóknir.

Í 73 gr. stjórnarskrár segir: „Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær

Gerði athugasemd [HG1]: þarf ekki að skrifa þetta fullum feturm...?



síðast uppfært dags. 10.7.2024

*fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“*

Þrátt fyrir að tjáningarfrelsið sé einn af hornsteinum réttarríkisins, þá nýtur virðing fyrir mannlegri reisu einnig verndar í mannréttindasáttmálum og Stjórnarskrá Íslands og þeirri vernd verður ekki vikið til hliðar, jafnvel með vísan til tjáningarfrelsisins. Háttsemi sem brýtur gegn löggjöf um hatursorðræðu verður ekki réttlætt með vísan til tjáningarfrelsisins. Vernd tjáningarfrelsis felur í sér að skoðanir geta verið til þess fallnar að móðga eða særa, en það er þó ekki réttlæt看legt að bera út rasisma eða annars konar fordóma og hatur.

#### Áhrif hatursorðræðu

Sagan sýnir okkur hversu alvarleg hatursorðræða getur verið. Sameinuðu þjóðirnar hafa bent á að hatursorðræða er ekki aðeins til þess fallin að jaðarsetja ákveðna hópa, heldur getur hún verið byrjunin á skipulögðu ofbeldi í garð ákveðins hóps og jafnvel verið undanfari þjóðarmorðs. Helförin hófst ekki í gasklefunum, heldur með hatursorðræðu í garð minnihlutahóps.

Hatursorðræða getur haft alvarlega afleiðingar bæði fyrir einstaklinginn, þann hóp sem einstaklingurinn tilheyrir og fyrir samfélagið sem heild. Hún vekur ótta hjá þeim sem fyrir henni verða, ýtir undir staðalmyndir og getur jafnvel verið undanfari líkamlegs ofbeldis.

Það er ekkert nýtt að hatursorðræða hafi gríðarleg neikvæð áhrif, en þessi áhrif eru orðin meiri og alvarlegri vegna þess hversu auðvelt það er að deila skoðunum sínum í athugasemdum á netinu og á samfélagsmiðlum. Sem dæmi hafa börn og unglingar oft greiðan aðgang að mjög skaðlegum myndböndum og falsfréttum sem getur reynst erfitt að greina sem rangfærslur.

Í könnun á vegum Fjölmíðlanefndar frá árinu 2021 sagðist helmingur þátttakenda hafa orðið varkárari í að lýsa skoðunum sínum í umræðum á netinu í kjölfar háðs eða ögrunar, 32,8% sögðust frekar taka þátt í umræðum í lokuðum hópum og 20,6% hættu að taka þátt í umræðum á netinu.

Þar sem netið er mikilvægur samskiptavettvangur í lýðræðislegri umræðu má telja alvarlegt ef hluti fólks telur sig verða fyrir áreiti, neteinelti eða hatursorðræðu og hættir þar af leiðandi að taka þátt í opinberri umræðu.

Erum við að verða ónæg fyrir hatursfullum skilaboðum?

Rannsóknir hafa sýnt að því meira sem við sjáum af hatursfullum skilaboðum á netinu því eðlilegrri verða þau fyrir okkur. Okkur hættir að bregða við að sjá



Reykjavík



síðast uppfært dags. 10.7.2024

ákveðna hópa niðurlægða eða þeim ógnað í athugasemdum á fréttasíðum eða við myndbönd á samfélagsmiðlum á borð við TikTok. Á sama tíma aukast fordómar okkar í garð þeirra sem skilaboðin beinast að.

Hvernig getum við brugðist við hatursorðræðu?

Á síðustu árum hafa Alþjóðleg mannréttindasamtök vakið athygli á mikilvægi þess að þjóðir bregðist við hatursorðræðu og vinni markvisst að því að sporna gegn henni. Hegningarlöggjöf landa verður að vernda réttindi þeirra sem verða fyrir hatursorðræðu, en samhliða því þarf að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu.

Besta leiðin til að koma í veg fyrir hatursorðræðu er fræðsla, en þá er átt við fræðslu um hatursorðræðu og skaðlega orðræðu en einnig um fjölbreytileikann, jafnræði og mannréttindi. Það er mikilvægt að kunna að greina og skilja undirrót hatursorðræðu og víðara samfélagslegt samhengi, birtingarmyndir hennar og mismunandi áhrif á þá sem hún beinist að.

Hatursorðræða, skaðleg orðræða, hræðsluáróður og falsfréttir á netinu hafa aukist verulega á milli ára og á það sérstaklega við um samfélagsmiðla. Þessi umræða dreifir sér hratt og nær m.a. til barna sem taka óbeint þátt í henni með því að líka við færslur eða deila þeim áfram. Aukin upplýsingamiðlun og samráð við börn og ungmenni um hatursorðræðu og afleiðingar hennar er því mikilvægur þáttur í því að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði þátttakendur í að dreifa hatursorðræðu eða skaðlegri orðræðu.

Heimildir:

Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar. Mannréttindaskrifstofa Íslands. Jóna Aðalheiður Pálmadóttir Iuliana Kalenikova. 2013.

„Grýta þetta pakk“: Haturstjáning í íslensku samhengi. Eyrún Eypórsdóttir.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu 2023–2026. 153. löggjafarþing 2022–2023. 3. janúar 2023.

Miðlalæsi á Íslandi: Hluti III: Haturstal og neikvæð upplifun af netinu. Fjölmíðlanefnd, 2021. <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2021/11/Hluti-3-Hatursordraeda-og-neikvaed-upplifun-af-netinu-copy.pdf>



síðast uppfært dags. 10.7.2024

Hvað er hatursorðræða? Davíð Þór Björgvinsson.  
<https://uni.hi.is/davidth/2022/04/25/hvad-er-hatursordraeda/>

Dómasafn Mannréttindadómstóls Evrópu varðandi hatursorðræðu:  
[https://www.echr.coe.int/documents/d/echr/FS\\_Hate\\_speech\\_ENG](https://www.echr.coe.int/documents/d/echr/FS_Hate_speech_ENG)

Manual on Hate Speech, Anne Weber, Council of Europe Publishing 2009.  
[http://icm.sk/subory/Manual\\_on\\_hate\\_speech.pdf](http://icm.sk/subory/Manual_on_hate_speech.pdf)

Misinformation and Hate Speech: The Case of Anti-Asian Hate Speech During the COVID-19 Pandemic. Jae Yeon Kim og Aniket Kesari.  
[file:///C:/Users/GudrunET2459/Downloads/kim\\_kesari%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/GudrunET2459/Downloads/kim_kesari%20(1).pdf)

Independent.co.uk. Conservatives rule Boris Johnson comparing Muslim women in veils to letter boxes and bank robbers was 'respectful'  
<https://www.independent.co.uk/news/uk/politics/boris-johnson-cleared-burka-niqab-bank-robber-letterboxes-conservative-party-a8693761.html>

Bookmarks, A manual for combating hate speech online through human rights education. Council of Europe. Revised edition 2020

„Sjáðu mamma, þarna er fáninn okkar!“ Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2023. Visir.is.  
<https://www.visir.is/g/20232452832d/-sjadu-mamma-tharna-er-faninn-okkar-?fbclid=IwAR1LYtW-Wdodp1fNczNm4moMTdviZOs4B1Bcr5P7O8WMKvMywUezmRa4o2Q>

Upplýsingaóreiða og hræðsluáróður grasserar á samfélagsmiðlum. Rúv.is. Alma Ómarsdóttir. 18. febrúar 2023. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-02-18-upplysingaoreida-og-hraedsluarodur-grasserar-a-samfelagsmidlum>

Umboðsmaður barna. Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026. 31. mars 2023.  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4272.pdf>

Dangerous Speech: A practical guide. The Dangerous Speech Project.



síðast uppfært dags. 10.7.2024

United Nations, Hate Speech. <https://www.un.org/en/hate-speech>

Soral W, Bilewicz M, Winiewski M. Exposure to hate speech increases prejudice through desensitization. *Aggress Behav.* 2018 Mar;44(2):136-146. doi: 10.1002/ab.21737. Epub 2017 Nov 2. PMID: 29094365

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/29094365/>